

## Fyrirspurn

til innanríkisráðherra um ómerkingu héraðsdóma.

Frá Sigmundi Davíð Gunnlaugssyni.

1. Í hversu mörgum málum hefur Hæstiréttur ómerkt héraðsdóm árin 2008, 2009 og 2010 og fram til 1. mars 2011, sundurliðað eftir árum?
2. Voru ástæður ómerkingar í fyrrgreindum málum:
  - a. að Hæstiréttur taldi líkur vera á að mat héraðsdóms á sönnunargildi munnlegs framburðar fyrir héraðsdómi væri rangt, svo að einhverju skipti um úrslit málsins,
  - b. að héraðsdómari hefði ekki í úrlausn sinni fjallað um allar málsástæður aðila,
  - c. að héraðsdómari hefði ekki, fyrir dómsuppsögu, gætt ákvæða 1. mgr. 115. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála, ekki gætt ákvæða 184. gr. laga nr. 88/2008, um meðferð sakamála, eða af sambærilegri ástæðu úr tíð eldri laga nr. 19/1991, um meðferð opinberra mála,
  - d. aðrar?
3. Við hvaða héraðsdómstóla voru hinir ómerkту dómar kveðnir upp, sundurliðað með sama hætti og hér að framan?

Skriflegt svar óskast.